

# Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd  
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir  
Dags. 27. ágúst 2022  
Mnr. 2021050083



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Aðgerðaáætlun menningarstefnu Ísafjarðarbæjar

Menningarstefna Ísafjarðarbæjar 2022-2032 var samþykkt á 493. fundi bæjarstjórnar þann 7. apríl 2022. Með tillögu menningarmálanefndar um samþykkt stefnunnar var einlæg ósk þess að aðgerðaáætlun yrði samþykkt og fylgdi stefnunni.

Fyrirhugað var að hefja vinnu við aðgerðaáætlun haustið 2022, og er lagt til að sú vinna hefjist á næstu dögum, en verkefnastjóri Vestfjarðastofu Skúli Gautason, stýri þeirri vinnu, eins og vinnu við stefnuna. Þá er lagt til að við gert verði ráð fyrir fjármunum vegna aðgerða á áætlun 2023, en nánari fjárhæð kæmi fram í aðgerðaáætluninni. Þá er lagt til að vinna við aðgerðaáætlunina verði lokið og hún lögð fram til samþykktar í bæjarstjórn ekki síðar en fimmtudaginn 3. nóvember 2022.